

Skólanámskrá Vallaskóla

5. bekkur



Vallaskóli

Virðing - þekking - lífsgleði

Viðmiðunarstundaskrá 5. bekkjar:

Námsgrein	Fjöldi kennslustunda á viku
Íslenska	7
Stærðfræði	5
Erlend tungumál	3
Samfélags- og náttúrugreinar	5
Lífsleikni	1
Íþróttir	2
Sund	1
List- og verkgreinasmiðjur	9
Upplýsingatækni	2
Samtals	35

Íslenska

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Jafnframt er lestur öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu.

Góð lestarfærni er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar.

Hlutverk íslenskukennslu, kennslu í íslensku táknmáli og máluppeldis er viðtækt og margbrotið s.s. að efla tjáningu og sköpun í rituðu og töluðu máli. Færni í notkun tungumáls, bæði móðurmáls og annarra mála, er grundvallaratriði í mannlegum samskiptum. Einnig er það mikilvægt að barn með annað mál en íslensku eigi þess kost að læra íslensku svo vel að það geti tekið fullan þátt í samfélaginu, notið menningar og átt þátt í því að móta hana. Hið sama gildir um þann sem er heyrnarskertur eða heyrnarlaus.

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 5. bekkjar:	Námsleiðir
Málfræði og stafsetning	Orðspor 1 lesbók og vinnubók Fyrsti smellur Flökkuskinna Réttritun Veraldavefurinn Snjallforrit Ljóðspor	- Geti nemandi raðað orðum í starfrófsröð - Geti nemandi raðað orðum í stafrófsröð eftir 2. og 3. staf - Geti nemandi fundið nafnorð í texta - Þekki nemandi kyn nafnorða - Þekki nemandi orð með greini - Geti nemandi bætt greini við nafnorð - Geti nemandi fallbeygt orð í öllum föllum með notkun hjálparorða - Geti þekkt föllin nf., þf., þgf., ef. - Geti nemandi greint mun á eintölu og fleirtölu nafnorða - Þekki nemandi hjálparorðin minn og mín - Geti nemandi fundið sagnorð í texta - Geti nemandi fundið lýsingarorð í texta - Þekki nemandi samheiti og andheiti - Þekki mun á efnisgrein og málsgrein - Geti nemandi sett stóran staf í sérnöfnum - Geti nemandi skrifað málsgrein - Geti nemandi notað regluna um tvöfaldan samhljóða þegar það á við - Þekki nemandi kyn orða og skammstafanirnar kk – kvk – hk - Þekki nemandi ng/nk regluna - Þekki nemandi orðtök og málshætti	Innlagnir Sjálfstæð vinna Hópavinna Þrautalausnir Gagnvirkir vefir Verklegar æfingar Umræður og rökræða

Ritun		- Geti nemandi skrifaða læsilega - Geti áttað sig á tengiskrift - Geti nemandi skrifað frásagnir frá eigin brjósti - Geti nemandi notað rétt greinarmerki þar sem við á s.s. punkt og stóran staf eftir punkti - Geti nemandi áttað sig á uppsetningu og greinarskrifum - Geti nemandi skrifað frásögn og leyft öðrum að njóta afrakstursins - Geti nemandi gert stuttan útdrátt úr texta - Geti nemandi skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu	
Lestur og bókmenntir		- Getur nemandi lesið ljóð og túlkað - Þekki nemandi ljóðstafi - Þekki nemandi rím - Geti nemandi áttað sig á persónugervingu - Geti áttað sig á líkingum - Geti nemandi lesið texta þannig að lesturinn sé skýr og lipur - Geti nemandi fjallað um lesefni sem honum þykir áhugavert - Geti nemandi lesið texta við hæfi með góðum hraða - Geti nemandi sýnt góðan lesskilning - Þekki nemandi hugtökin: boðskapur, söguþráður, umhverfi og persónur - Geti nemandi aflað sér upplýsinga úr ólíkum miðlum - Geti nemandi gagnrýnt bók eftir lestur hennar - Geti nemandi valið sér lesefni eftir áhuga og lesið sér til ánægju - Geti lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær	
Framsögn, hlustun og áhorf		- Geti nemandi hlustað og fylgst með af athygli á upplestur, leikið efni, ljóðalestur eða ræður - Geti nemandi sagt frá atburðarás í lesinni sögu - Geti nemandi hlustað og skrifað eftir starfsetningaupplestri - Geti nemandi tjáð sig um unnin verkefni eða sagt frá í samhengi - Geti nemandi lesið texta skýrt og greinilega fyrir framan hóp - Geti nemandi úrskýrt nokkur orðtök og málsætti	

Námsmat			
Leiðsagnarmat			
Kaflapróf			
Verkleg verkefni			
Heimanám			

Stærðfræði

Stærðfræðinám er samfelld ferli. Þekking og skilningur á hugtökum, táknum og lögmálum stærðfræðinnar þróast á löngum tíma og við margvíslega reynslu. Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Í stærðfræðinámi þurfa nemendur að þróa með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausnir þeirra og leggja mat á niðurstöður. Samfélag okkar einkennist af kerfum, sem byggjast á nýtingu stærðfræðinnar og því er mikilvægt að heimili og skóli vinni saman í að viðhalda jákvæðu viðhorfi til hennar. Þar má nefna kosningakerfi, kóðun upplýsinga á Netinu, staðsetningarkerfi, farsíma, veðurspár, tölvuleiki, teiknimyndir, gagnagrunna og hvers kyns tölfraðilega úrvinnslu upplýsinga. Raunvísindi og margar aðrar fræðigreinar nýta sér í ríkum mæli hugtök, niðurstöður og aðferðir stærðfræðinnar. Hæfni í stærðfræði er þannig forsenda læsis og sköpunar á flestum sviðum tækni, fræða og verkmenningar.

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 5. bekkjar:	Leiðir
Heilar tölur	Stika 1A – Stika 1B	- Þekki nemandi heilar tölur og hafi almennan skilning á stærð talna	Innlagnir
Tölfræði og líkindi	nemendahefti og	- Geti nemandi lagt saman a.m.k. þriggja stafa tölur	Sjálfstæð vinna
Tugabrot	æfingahefti	- Geti nemandi staðsett negatífar tölur á talnalínu	Hópavinna
Almenn brot	www.mms.is	- Geti nemandi raðað negatífum tölum eftir stærð	Þrautalausnir
Mynstur	www.skolavefurinn.is	- Geti nemandi talið í tugum	Gagnvirkir vefir
Flutningar	Kubbar	- Geti nemandi lagt saman þriggja stafa tölur	Verklegrar æfingar
Deiling	Speglar	- Geti nemandi dregið frá með því að taka til láns í þriggja stafa tölum	Umræður og rökræða
Rúmfræðiform	Lego	- Þekki nemandi margföldunartöflu, frá $1x - 7x$	
Horn	Skeiðklukkur	- Skilji nemendi tengsl margföldunar og deilingar og áttað sig á víxláhrifum	
Ummál	Talnagrindur	- Geti nemandi lagt saman tveggja stafa tölu við þriggja stafa tölu	
Mælingar	Brotaspjöld	- Geti nemandi dregið tveggja stafa tölu frá þriggja stafa tölu	
Margföldun	Ýmis stærðfræðiöpp	- Þekki nemandi tugakerfið sem sætiskerfi og átti sig á því hvaða áhrif það hefur að flytja tölur á milli sæta	
	Annað itarefni	- Geti nemandi notað talnalínu við úrlausn dæma	
		- Geti nemandi fundið tíðasta gildi	
		- Geti nemandi fundið miðgildi	
		- Geti nemandi lesið úr einföldum töflum og túlkað niðurstöður þeirra	
		- Geti nemandi gert einfaldar tölfraðirannsóknir og sett upp í töflu	
		- Geti nemandi sett upp tíðnitöflur og súlurit sem aðferðir til að setja fram töluleg gögn	
		- Geti nemandi áttað sig á hugtökunum gagnasöfn, tíðni, meðaltal og miðgildi	
		- Geti nemandi áttað sig á að tugabrot er hluti af heilli einingu	
		- Geti nemandi staðsett tugabrot á réttum stað á talnalínu	

Námsmat			
Leiðsagnarmat			
Kaflapróf			
Verkleg verkefni			
Heimanám		- Þekki nemandi tíunduhluta í tölu - Þekki nemandi hundraðshluta í tölu - Geti nemandi lagt saman tugabrot - Geti nemandi dregið frá í tugabrotum - Átti nemandi sig á hvernig námundun getur auðveldað útreikninga í daglegu lífi - Þekki nemandi tugabrot með tveimur og þremur aukastöfum - Þekki nemandi hliðrun - Þekki nemandi speglun - Þekki nemandi snúning - Þekki nemandi rúmfræðileg heiti tvívíðra forma - Þekki nemandi undirheiti ferhyrninga 1) ferningur 2) rétthyrningur 3) samsíðungur 4) trapisa - Geti nemandi teiknað samsíðung og skilið að samsíða línur skerist ekki - Geti nemandi reiknað hornasummu þríhyrnings - Þekki nemandi undirheiti þríhyrninga 1) rétthyrndur þríhyrningur 2) jafnhliða þríhyrningur 3) jafnarma þríhyrningur - Þekki nemandi almenn hugtök úr rúmfræði, s.s. punkt, línu, horn, samsíða og hornréttar línur - Þekki nemandi hugtökin gleitt horn, hvasst horn og rétt horn - Geti nemandi fundið flatarmál með rúðuneti - Geti nemandi notfært sér reglur um flatarmál rétthyrninga - Geti nemandi notfært sér reglur um flatarmál þríhyrninga - Geti nemandi notað einföld stærðfræðitákn og formúlur - Geti nemandi nýtt sér reglustiku og mælt cm og mm - Geti nemandi mælt og reiknað ummál mynda - Átti nemandi sig á mælikvarða - Átti nemandi sig á almennum brotum sem hluta af heild - Geti nemandi teiknað almenn brot - Geti nemandi lagt saman almenn brot - Geti nemandi dregið frá með almennum brotum - Geti nemandi borið saman mismunandi brot - Geti nemandi fundið 1%, 10% og 50% af heilum hundruðum - Kunni nemandi að notfæra sér andhverfar aðgerðir til að sannreyna svör - Geti nemandi túlkað og notað upplýsingar úr texta með stærðfræðihugtökum - Þekki nemandi margföldunartöflu, frá $1x - 10x$ - Geti nemandi margfaldað með eins og tveggja stafa tölu - Geti nemandi deilt með eins og tveggja stafa tölu	

		- Geti nemandi deilt með 10 og 100 - Geti nemandi notað reiknivélar til að leggja saman, draga frá, margfalda og deila - Geti nemandi sýnt hlutfall á myndrænan hátt	
--	--	--	--

Náttúrufræði

Í náttúrufræðikennslu er áhersla er lögð á að nemendur séu vísindalæsir. Í því felst að þeir geti lesið texta um náttúruvísindi sér til gagns, notað hugtök úr náttúrugreinum í daglegu lífi og skilið náttúruleg og manngerð fyrirbæri. Auk þess geri þeir sér grein fyrir samspili manns og náttúru og valdi mannsins yfir tækni og öðlist tækifæri til að afla sér upplýsinga og vinna úr þeim. Þessi hæfni eflir skilning þeirra á nútímasamfélagi og hjálpar þeim að taka skynsamlegar ákvarðanir í málefnum sem varða tengsl manns og náttúru. Nemendur fá tækifæri til að taka afstöðu til verndunar og nýtingar náttúruauðlinda og sjálfbærrar þróunar. Rökræða álitamál sem varða umgengni við náttúruna, tækni og nýjustu vísindi. Þannig eflist þekking og skilningur nemenda á grundvallarmarkmiðum sjálfbærrar þróunar, ásamt vilja til að starfa í anda þeirra.

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 5. bekkjar:	Námsleiðir
Fuglar í náttúru Íslands Landspendýr Vísindi í aldanna rás Ljós, linsur og speglar Seglar Kraftar Samgöngur og orka Flugið Hlutir sem fljóta Hvernig ýmsar vélar urðu til Fróðleikur um mælingar Hljóð – og hvernig þau myndast og berast í umhverfinu	Auðvitað á ferð og flugi Líf á landi (Fugla friðland) Efni á veraldarvefnum Kvikmyndir	- Geti nemandi áttað sig á hvernig einfaldar vélar létta störf manna - Geti nemandi útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks - Geti nemandi áttað sig á notkun áttavita - Þekki nemendi höfuðáttirnar fjórar - Geti nemandi útskýrt ólíkar gerðir krafta t.d. lyftikraft - Þekki nemandi endurnýjanlega orkugjafa - Geti nemendi útskýrt af hverju hlutir sökkva í vatni - Geti nemendi sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt - Geti nemendi framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni - Geti nemandi gert einfalda skýrslu - Geti nemendi áttað sig á ólíkum landssvæðum - Þekki nemandi nöfn á ólíkum fuglategundum - Geti nemandi unnið fuglaverkefni um fugl að eigin vali - Geti nemandi fjallað um eina fuglategund af öryggi - Geti nemandi áttað sig á fæðukeðju í lífríkinu - Þekki nemandi landspendýr og nefnt slík - Geti nemandi notað greiningarlykil um dýr á landi	Innlagnir Sjálfstæð vinna Hópavinna Þrautalausnir Gagnvirkir vefir Verklegar æfingar Umræður og rökræða Útikennsla

Námsmat		- Geti nemandi unnið lokaverkefni um landspendýr - Geti nemandi áttað sig á að lífverur eru gerðar fyrir ákveðin landsvæði - Geti nemandi áttað sig á því hvernig könguló býr til vef sinn - Þekki nemandi heiti jarðvegsdýra - Geti nemandi notað greiningarlykil um jarðvegsdýr - Geti nemandi beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum - Geti nemandi kannað áreiðanleika heimilda með því að nota bækur, netið og aðrar upplýsingaveitir - Geti nemandi notað upplýsingatækni til að sækja upplýsingar um náttúru fyrirbrigði - Geti nemandi talið upp nokkrar lífverur sem búa á ákveðju svæði	
Leiðsagnarmat			
Kaflapróf			
Verkleg verkefni			
Heimanám			

Samfélagsfræði

Samfélagsgreinar eru þær greinar sem fjalla um samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýninn hátt. Þær eiga sér grundvöll í þeirri skyldu hvers samfélags að fræða nemendur um gildi eins og jafnrétti, lýðræði, umhyggju og virðingu og þýðingu þessara gilda fyrir farsælt líf.

Markmið samfélagsgreina er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Þeim er ætlað að gera nemendum kleift að nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með hjálp samræðunnar og láta afstöðu sína mótast af rökum.

Hver fræðigrein innan samfélagsfræðigreina gegnir ákveðnu hlutverki. Í sögukennslu er byggt á heildstæðri og fjölbreyttri skoðun heimilda um samfélög og einstaklinga frá fortíð til samtíma. Landafræðin fjallar um breytileg lífsskilyrði fólks í heiminum með hliðsjón af víxlverkun manns og náttúru. Trúarbragðafræði er ætlað að auka skilning á ríkjandi trúarbrögðum og ólíkum trúarhefðum með umburðarlyndi og víðsýni að leiðarljósi. Lífsleikni kennir hvernig mögulegt er að rannsaka siðræn gildi, efla siðvit og ræða saman um siðferðileg álitamál

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 5. bekkjar:	Námsleiðir
Landafræði	Á ferð með Leifi heppna Víkingaöld Ísland – hér búum við Olweus fræðsla í tengslum við einelti Kristin trú Islam Óðinn og bræður hans Fátækt og hungur Ég er bara ég	- Geti nemendi áttað sig á landshlutum Íslands - Þekki nemandi helstu örnefni og einkenni hvers landshluta - Geti nemandi áttað sig á sérstöðu Íslands - Þekki nemandi helstu náttúruþerlur landsins - Geti nemandi áttað sig á landslagi og jarðfræði fyrir ísöld og á ísöld - Geti nemandi áttað sig á staðsetningu landsins og loftslagi - Þekki nemandi helstu vötn Íslands - Þekki nemandi helstu fjöll Íslands - Þekki nemandi helstu ár Íslands - Þekki nemandi helstu jökla Íslands - Geti nemandi áttað sig á því hversu mikilvægar auðlindir hafsins eru fyrir Ísland - Geti nemandi gert sér grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu þess - Þekki nemandi helstu náttúruauðlindir landsins - Geti nemandi áttað sig á helstu atvinnuvegum landsins - Þekki nemandi helstu þéttbýlisstaði landsins - Þekki nemandi mikilvægi náttúruverndar - Geti nemandi aflað sér heimilda á netinu, í bókum og víðar og nýti sér þær í verkefnavinnu - Þekki nemandi ólíkt landslag Íslands - Geti nemandi fjallað um helstu eldgos sem verið hafa á Íslandi - Geti nemandi notað kort til að afla sér upplýsinga - Þekki nemandi höfuðáttirnar fjórar	Innlagnir Sjálfstæð vinna Hópavinna Bekkjarfundir Verklegar æfinga Umræða og rökræða Vettvangsferðir

		- Geti nemandi áttað sig á myndun Íslands - Geti nemandi unnið í hópastarfi og samvinnu	
Saga		- Geti nemandi áttað sig á uppvaxtarárum Leifs heppna og landafundum hans - Átti nemandi sig á uppruna Íslendinga - Átti nemandi sig á tímabili víkingaaldar - Átti nemandi sig á lifnaðarháttum víkinga og daglegu lífi - Gert nemandi sér grein fyrir því hvað fornleifar eru - Geti nemandi sagt frá ólíkum gerðum skipa á víkingaöldinni - Geti nemandi sagt frá ferðum víkinga	
Trúarbragðafræði		- Átti nemandi sig á ólíkum trúarbrögðum - Þekki nemandi uppruna kristinnar trúar og einkenni hennar - Átti nemandi sig á uppvaxtarárum Jesú og sögu hans - Þekki nemandi síðustu daga Jesú - Þekki nemandi helgirit kristinnar trúar, Biblíuna - Átti nemandi sig á útbreiðslu kristinnar trúar - Átti sig á sögu kristinnar trúar á Íslandi - Þekki nemandi helgidaga í kristinni trú - Þekki nemandi helstu áherslur í íslam - Geti nemandi borið saman trúarrit kristinnar trúar Biblíuna og trúarrit múslima Kóraninn - Átti nemandi sig á nafna- og greftrunarsiðum í íslam - Geti nemandi borið saman stoðirnar fimm í íslam og boðorðin tíu í kristinni trú - Þekki nemandi sögu Múhameðs - Þekki nemandi helstu helgistaði múslima og moskur - Átti nemandi sig á útbreiðslu íslam - Geti borið saman helstu grunnhugtök kristinnar trúar og íslam - Átti nemandi sig á stöðu múslima á Íslandi - Þekki nemandi hvernig heimurinn varð til samkvæmt ásatrúnni - Þekki nemandi byggingu Ásgarðs og Bifrastar - Þekki nemandi fyrstu mennina samkvæmt ásatrúnni	

Lífsleikni		- Geti nemandi rætt um reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum - Geti nemandi lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans - Geti nemandi sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra - Geti nemandi sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju - Geti nemandi lýst ýmsum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun - Geti nemandi tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu - Geti nemandi áttað sig á ólíkri stöðu barna í heiminum - Geti nemandi metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt - Geti nemandi tileinkað sér holla og góða lífshætti - Geti nemandi gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum - Geti nemandi rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra - Geti nemandi gert sér grein fyrir réttindum sínum og skyldum í samfélaginu - Geti nemandi sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum - Geti nemandi borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar og skoðana - Geti nemandi áttað sig á misskiptingu auðs í heiminum	
Námsmat			
Leiðsagnamat Kaflapróf Verkleg verkefni Heimanám Virgni í tímum			

Enska

Tungmálanám er mikilvægt því með því öðlast nemendur alhliða hæfni til að nota tungumálið sem verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Námið á að leiða til þess að nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli af ólíkum toga og hæfni til að meta og hagnýta sér þá þekkingu sem aflað er. Þeir eiga að fá tækifæri til að tengja inntak námsins eigin reynslu, aðstæðum og áhugamálum.

Enska er lykiltunga á sviði æðri menntunar og vísinda og mikilvægt er að hafa gott vald á henni þegar nemendur koma í menntaskóla og háskóla. Auk þess sem ör þróun á sviði stafrænnar fjölmiðlunar og upplýsingatækni hefur í för með sér að Íslendingar hafa aðgang að alls kyns efni sem krefst skilnings á ýmsum afbrigðum enskrar tungu

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 5. bekkjar:	Námsleiðir
Hlustun, skilningur og samskipti	Build up (valið efni) Málfræði A A year of fun Into Hobbies Hickory Léttlestrarbækur Snara.is (veforðabók) Verkefni í smáforritum s.s. bitsboard Efni af veraldarvefnum Hlustunarefni Ýmis námsspil Ljósrit frá kennara	- Geti nemandi skilið lesin og munnleg fyrirmæli og spurningar um daglegt líf. s.s. aldur, kyn, áhugamál - Geti nemandi svarað spurningum um daglegt líf s.s. aldur, kyn og áhugamál - Geti nemandi skilið lesna texta og svarað spurningum varðandi textann - Geti nemandi lesið texta við myndir og nær samhengi - Geti nemandi skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum - Geti nemandi gert sig skiljanlegan í samtölum um grunnatriði daglegs lífs - Geti nemandi spjallað um áhugamál sín og sagt frá þeim - Geti nemandi lýst klæðnaði og útliti munnlega - Geti nemandi spurt og svarað einföldum spurningum - Hafi nemandi tileinkað sér grunnorðaförða tungumálsins - Þekki nemandi vikudagana - Þekki nemandi árstíðarnar - Þekki nemandi nokkra hátíðsdaga - Geti nemandi endursagt á íslensku eftir að hafa hlustað á frásögn - Geti nemandi tekið þátt í einföldum leikjum á ensku	Bein kennsla Hlustun Lestur Einstaklingsverkefni Hópverkefni Stöðvavinna Leikir Ritun Tjáning Paravinna Umræður

		- Geti nemandi sagt hvað klukkan er á ensku - Geti nemandi bjargað sér ef hann villist eða þarf að spyrjast til vegar	
Ritun, menningarlæsi og náamshæfni		- Geti nemandi skrifað einfaldar setningar um sjálfa sig - Geti nemandi notað greinamerki í gerð setninga s.s. spurningarmerki og punkta - Geti nemandi skrifað um daglegar athafnir - Geti nemandi nýtt sér algengustu hjálpartæki s.s. veforðasafn og leitarvélar - Geti nemandi skrifað stutta lýsingu á manneskju með stuðning við orðalista eða myndir - Geti nemandi tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja - Geti áttað sig á því að sum orð í ensku eru lík orðum í íslensku	
Málfræði		- Geti nemandi áttað sig á reglunni um fleirtöluendingu - Geti nemandi notað persónufornöfn í einföldum setningum - Geti nemandi notað óákveðinn greini á réttan hátt - Geti nemandi notað lýsingarhátt nútíðar (ing-mynd) - Hafi nemandi kynnst enskum sögnum og nýtt þær í einföldum setningum - Þekki nemandi nokkrar algengar forsetningar	
Námsmat			
Leiðsagnarmat Virgni og þáttaka Verkefni Munnleg könnun			

Danska

Tungmálanám er mikilvægt því með því öðlast nemendur alhliða hæfni til að nota tungumálið sem verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Námið á að leiða til þess að nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli af ólíkum toga og hæfni til að meta og hagnýta sér þá þekkingu sem aflað er. Þeir eiga að fá tækifæri til að tengja inntak námsins eigin reynslu, aðstæðum og áhugamálum.

Annað erlenda tungumálið sem nemendur læra í grunnskóla er danska eða annað Norðurlandamál, hafi nemandi búið á Norðurlöndunum. Norðurlandamál eru kennd í grunnskólum vegna samskipta og menningartengsla við norrænar þjóðir. Saga okkar er samofin sögu þeirra og menningu. Menningararfurinn er sameiginlegur og tungumálin eru af sömu rót sprottin. Samfélagsgerð þjóðanna byggir á sömu gildum og grundvallast á lýðræði, samvinnu og jafnrétti. Tilgangurinn er að viðhalda og styrkja tengslin við Norðurlandaþjóðirnar og stuðla að því að Íslendingar eigi greiða leið t.d. að menntun og atvinnu í öllum Norðurlöndunum.

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 5. bekkjar:	Námsleiðir
Dönsk menning s.s. jól, afmæli og daglegt líf barna Orðaforði sem tengist daglegu lífi og skólaumhverfinu Bókstafirnir Litirnir Vikudagarnir Árstíðirnar Mánuðirnir Lestur á einföldum textum	Efni frá kennara (valið efni úr Start vinnubók) Verkefna – og úrklippubók sem nýtist nemendum sem glósubók á miðstigi Ýmis snjallforrit Verkefni á veraldarvefnum Hlustunaræfingar Tónlist Kvikmyndir og þættir	- Geti nemandi heilsað og kvatt á dönsku - Geti nemandi talið frá 1 – 10 og þekkir tölur að 20 - Geti nemandi skilið einfalt mál sem kennari notar í kennslustundum, eins og að heilsa, kveðja, ja/nej, tak i lige made - Geti nemandi lesið stuttar einfaldar setningar um afmarkað efni og svarað spurningum - Geti nemandi spurt og svarað spurningum s.s. <i>hvað hedder, hvor kommer du fra, hvor bor du, hvor gammel</i> - Geti nemandi tekið þátt í einföldum leikjum a dönsku - Geti nemandi sagt frá fjölskyldu sinni og og öðru tengdu s.s. afmælisdegi og upphalds lit - Geti nemandi fyllt orð inn í eyður um fjölskyldu og um efni vetrarins t.d. litir, mánuðir, dagar og tölur - Geti nemandi fundið Danmörku á landakorti, sagt frá höfuðborg og þekkt fánann	Bein kennsla Hlustunarefni Hlutverkaleikir Spil Umræður Paravinna Einstaklingsvinna Söngtextar

Forritun

Forritun er fag sem er í mjög örri þróun, nýjungar í búnaði og aðferðafræði við úrlausn verkefna eru stöðugt að koma fram. Breytingar eru því bæði miklar og tíðar þannig að erfitt er að fylgjast með þróuninn.

Notagildið í tölvum nútímans felst ekki einungis í ritvinnslu og leikjum, þær eru í snjalltækjunum okkar, í þvottavélunum og ísskápunum, í bílunum okkar og á vinnustöðum. Þetta eru bara nokkur dæmi en tölvur eru allt í kringum okkur og notkun þeirra og notagildi er bara að aukast. Forritunarkóðar byggja upp þennan stafræna heim fyrir allar þessar tölvur og væri þetta ekki mögulegt nema fyrir það að einhverjir hanna þessa kóða. Með þessari aukningu á notkun forritunarkóða í daglegu lífi verður einnig aukning á störfum tengdum forritunarvinnu.

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 5. bekkjar:	Námsleiðir
	Gagnvirt efni Kennsluforrit Snjallforrit Vafri – aðgerðahnappar Kynnast Teams Kynnast Google classroom	- Geti nemandi notað hugbúnað eða forrit á einfaldan hátt - Geti nemandi sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum - Geti nemandi farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun. - Geti nemandi nýtt hugbúnað eða forrit við myndvinnslu	Innlagnir Sjálfstæð vinna Samvinna Gagnvirkir vefir
Námsmat			
Leiðsagnarmat Verklegr verkefni Virkni og vinnusemi			

Upplýsingatækni

Námssviðið upplýsinga- og tæknimennt felur í sér miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Megintilgangur kennslunnar er að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi. Nýta sér ýmis tæki og fjölbreyttar úrvinnsluleiðir, tæknilæsi til þess að nýta tækjabúnað til að afla sér þekkingar og miðla henni, upplýsingalæsi felur í sér hæfni til að greina, ná í, meta og búa til miðlaskilaboð. Nemendur verða þannig læsir á texta, myndir og töluleg gögn, ná góðri tæknifærni fingrasetningu og hæfni á sviði upplýsinga- og miðlalæsis.

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 5. bekkjar:	Námsleiðir
Vinnulag og vinnubrögð	Gagnvirt efni á mms.is Ritvinnsla Kennsluforrit: Fingrasetning word power point Vefskoðarar -	- Geti nemandi sýnir frumkvæði og tekur þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsög - Geti nemandi gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á tækni- og hugbúnaði. - Þekki nemandi og virðir umgengnisreglur sem gilda um spjaldtölvur og tölvur í skólanum. - Geti nemandi nýtt sér tölvur og tækjabúnað skólans sér til gagns og ánægju s.s. til lesturs, hlustunar, áhorfs og leitarnáms. - Geti nemandi aukið við orðaforða sem tengist tölvum og neti. - Geti nemandi beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningu	Innlagnir Sjálfstæð vinna Samvinna Gagnvirkir vefir Verklegar æfingar
Upplýsingaöflun og úrvinnsla	aðgerðahnappar Fingrafimi – heimalyklar Teikniforrit Kynnast Google classroom	- Geti nemandi leitað upplýsinga og nýtir við verkefnavinnu. - Geti nemandi nýtt sér rafrænt og gagnvirk tækni. - Geti nemandi nýtt upplýsingatækni og hugbúnað við uppbyggingu einfaldra verkefna - Hafi nemandi kynnst notkun heimilda	
Sköpun og miðlun		- Geti nemandi nýtt sér hugbúnað til að tjá sig og deila verkefnum sínum	
Siðferði og öryggismál		- Geti nemandi farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra. - Geti nemandi sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga.	
Námsmat			
Leiðsagnarmat			
Verkleg verkefni			
Virkni og vinnusemi			

Heilsufræði

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Í skólum þarf að skapa heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Í heilsufræði er lögð áhersla á að styrkja jákvæða sjálfsmynd nemenda, hreyfingu þeirra, næringu, hvíld, andleg vellíðan og hreinlæti. Einnig er lögð áhersla á að nemendur geti sett sér markmið og eflist í eigin ákvarðanatöku.

Fjallað um mikilvægi gagnrýnnar hugsunar t.d. í tengslum við umfjallanir fjölmiða sem geta haft áhrif á líðan og sjálfmynd nemenda. Heilsufræði veitir fræðslu um hreyfingu, efla hreyfifærni og skapar öruggt umhverfi sem hvetur alla til hreyfingar.

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 5. bekkjar:	Námsleiðir
Hreyfing Útileikir Ástundun tómstunda	Leikjabækur Efni af veraldarvef	- Geti nemandi tileinkað sér holla og góða lífshætti - Geti nemandi tileinkað sér heilsusamlegar samgöngur - Hafi nemandi grunnhugmynd um heilsu og heilbrigði - Geti nemandi gert sér grein fyrir mikilvægi daglegrar hreyfingar	Verklegar æfingar Verkefnavinna
Námsmat			
Leiðsagnarmat Sjálfsmat nemenda Mat á verkefnum nemenda			

Heimilisfræði

Heimilisfræði fjallar um manninn, líf hans og lífsskilyrði, líkamlegar og andlegar þarfir. Greininni er ætlað að stuðla að góðu heilsufari, heilbrigðum lífsháttum og neysluvenjum, jafnrétti, hagsýni, fjármálalæsi, neytendavitund og verndun umhverfis.

Í heimilisfræði gefst tækifæri til að hafa áhrif á lífsstíl nemenda með markvissri fræðslu um hollustu og holla matargerð. Þekking og leikni í heimilisstörfum er kjarni heimilisfræðinnar og honum tengjast allir þættir námsins, fræðilegir sem verklegir

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 5. bekkjar	Námsleiðir
	<i>Gott og gagnlegt 1</i> Tæki og áhöld greinarinnar Efni frá kennara Veraldarvefurinn Ýmis áhöld í eldhúsi	- Þekki nemandi mun á hollri og óhollri fæðu - Þekki nemandi helstu áhöld í heimilisfræði - Geti nemandi notað tusku og viskustykki á réttan hátt og skilji mikilvægi hreinlætis - Geti nemandi farið eftir helstu umgengnisreglum í heimilisfræðistofu - Geti nemandi fylgt einföldum uppskriftum - Kynnist nemandi handbragði í matreiðslu og bakstri - Kynnist nemandi helstu nætingarefnum - Kynnist nemandi lítillega tengslum næringar og heilsu	Innlagnir Sýnikennsla Sjálfstæð vinna Gagnvirkir vefir Verklegar æfingar Samvinna
Námsmat			
Leiðsagnarmat Verkleg verkefni Vinnubók Virkni og vinnusemi			

Leiklist

Menntun í leiklist snýst um að þjálfar nemendur í aðferðum listgreinarinnar en ekki síður um læsi á leiklist í víðu samhengi og á að dýpka skilning nemenda á sjálfum sér, mannlegu eðli og samfélagi.

Í leiklist fá nemendur tækifæri til þess að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi í skólanum. Hún styður nemandann í að tjá, móta og miðla hugmyndum sínum og tilfinningum. Leiklist reynir auk þess stöðugt á samvinnu, samskipti, sköpun, tungumál, tjáningu, gagnrýna hugsun, líkams- og raddbeitingu. Allt fer þetta fram í gegnum leik og sköpun.

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 5. bekkjar:	Námsleiðir
Sköpun Raddbeiting Líkamstjáning	Ýmsar síður á veraldarvefnum Ýmis hljóðfæri Búningar og leikmunir Íslensk leikrit svo sem Blái	- Geti nemandi nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undirbúning og sköpun leikþáttar - Geti nemandi flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur. - Geti nemandi beitt fleiri en einu formi leiklistar (s.s. skuggaleikhúsi, látbragðsleik, kyrrmyndum	Leikir Verklegar æfingar Samvinna
Námsmat	Hnötturinn og verkefni unnin uppúr því.	- Geti nemandi tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi og sýnt tillitsemi	
Leiðsagnarmat Verkleg verkefni Virgni og vinnusemi	Handrit af mms. Handrit sem nemendur vinna uppúr þjóðsögum Búningar úr búningageymslu	- Geti nemandi skapað skýra leikpersónu og viðhaldið henni í stuttum leikþætti með viðeigandi radd og líkamsbeitingu - Geti nemandi sagt frá ferlinu við uppsetningu leiksýningar, helstu störfum sem unnin eru baksviðs í leikhúsi og lýst algengum sviðsbúnaði - Geti nemandi nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína. - Geti nemandi sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfandi í leikhúsi eða á leiklistaviðburðum	

Myndmennt

Í myndmennt öðlast nemendur tækifæri til að læra og tjá sig án orða. Þeir geta ýmist unnið á gagnrýnni hátt með málefni daglegs lífs eða með ímyndunaraflið. Slík reynsla veitir nemendum forsendur til að læra að þekkja sjálfa sig bæði í tengslum við náttúruna og efnisheiminn. Skilningurinn verður bæði almennur og persónulegur, byggður á rannsóknum á raunveruleikanum og töfrum ímyndunaraflsins.

Myndmennt er í eðli sínu skapandi námsferli. Að taka þátt í að skapa, greina og njóta listar stuðlar að því að nemendur þjálfast í að upplifa list jafnframt því að þróa með sér samkennd, umburðarlyndi og gagnrýnni skilning á heiminum. Með markvissri myndmennt er hægt að viðhalda og þróa þann hæfileika sem börn nota frá unga aldri, að segja sögu myndrænt. Til þess að svo megi verða þurfa kennarar að veita nemendum tækifæri til að taka áhættu til að stuðla að þróun skapandi hugsunar og ímyndunarafls

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 5. bekkjar:	Námsleiðir
Sköpun Skissuvinna Heiti áhalda	Tæki og áhöld greinarinnar Efni frá kennara Fjölbreyttur efniviður s.s: - Pappír - Trélitir - Tússlitir - Akrílmálning - Pappamassi	- Geti nemandi beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir - Geti nemandi gengið frá verkefnum, eignum og áhöldum - Þekki nemandi litahringinn, grunnlitina og muninn á heitum og köldum litum - Átti nemandi sig á línu og áferð - Geti nemandi formað með pappamassa - Geti nemandi nota mismunandi efnivið og skilur myndbyggingu - Geti nemandi búið til fjölbreytt mynstur	Innlagnir Sjálfstæð vinna Samvinna Gagnvirkir vefir Verklegar æfingar Sýnikennsla
Námsmat			
Leiðsagnarmat Verklegr verkefni Virkni og vinnusemi	Skapandi forrit í tölvum Veraldarvefurinn		

Hönnun og smíði

Í hönnun og smíði er áhersla lögð á að nemandinn verði sjálfstæður í verki og öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra. Þar fléttast einnig inn áhersla á nýsköpun og hagnýtingu þekkingar. Nemandinn hefur þannig áhrif á umhverfi sitt og er um leið hvattur til að sýna umhverfinu nærgætni og virðingu.

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 5. bekkjar:	Námsleiðir
Sköpun Heiti áhalda Ýmislegt handverk	Tæki og áhöld greinarinnar Efni frá kennara Fjölbreyttur efniviður s.s: - Birkikrossviður - Fura	- Hafi nemandi áttað sig á umgengisreglum í smíðastofu - Þekki nemandi muninn á grófum og finum sandpappír - Geti nemandi valið verkfæri sem hæfa viðfangsefni - Geti nemandi notað súluborvél á öruggan hátt - Geti nemandi sýnt vönduð vinnubrögð - Geti nemandi unnið vel í tíma	Innlagnir Sjálfstæð vinna Samvinna Gagnvirkir vefir Verklegar æfingar
Námsmat			
Leiðsagnarmat Verklegr verkefni Virkni og vinnusemi	Skissuvinna Veraldarvefurinn		

Textíl

Námsgreinin textílmenn er yfirgripsmikil grein sem felur í sér þátt hönnunar og handverks auk þess að fela í sér þjáfun og verkfærni á fjölbreyttum sviðum. Textílmenn á sér djúpar færur í menningu þjóðarinnar, rætur sem liggja í heimi sögunnar, verkmenningu og listum. Í textílnámi er mikilvægt að nemendur greini, meti og setji textíl í samhengi við umhverfi, menningu, listir, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar.

Námsþættir	Námsefni/kennslugögn	Hæfniviðmið Við lok 5. bekkjar:	Námsleiðir
Sköpun	Tæki og áhöld greinarinnar Leiðbeiningar/áhöld/snið frá kennara Veraldarvefurinn Skissuvinna	- Geti nemandi gert aftursting - Geti nemandi gengið frá endum í útsaumi og vélsaumi - Geti nemendi saumað augnsaum - Geti saumað kapelluspor - Geti nemandi sýnt vandvirkni við frágang verkefna - Geti nemandi saumað eftir línu í saumavél - Geti nemandi klippt út efni eftir línunum - Geti nemandi teiknað sitt eigið snið af lítilli fígúru eða hlut	Innlagnir Sjálfstæð vinna Samvinna Gagnvirkir vefir Verklegar æfingar
Námsmat	Gróft útsaumsefni, bangsaefni og filt		
Leiðsagnarmat	Perlugarn og tvinni		
Verklegr verkefni	Tróð		
Virkni og vinnusemi	Efni til skreytinga		

Skólaíþróttir

Í skólaíþróttum er lögð áhersla á að börnum og ungmennum sé kynnt hvað felst í heilbrigðum lífsháttum og góðum samskiptum auk þess að byggja upp jákvæða sjálfsmynd þeirra. Markviss hreyfing og gott líkamlegt ástand skólabarna hefur jákvæð áhrif á námsgengi þeirra. Með áherslu á daglega hreyfingu og markvissa hreyfipjálfun, er lagður grunnur að heilsu og velferð nemenda til lífstíðar.

Í skólaíþróttum fá nemendur fræðslu um mikilvægi hreyfingar og þess að setja sér markmið. Einnig tengist þessari kennslu fræðsla um hreinlæti, líkamlega umhirða, fræðsla um kynímyndir og staðalmyndir ásamt umræðu um einelti og annað ofbeldi.

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 5. bekkjar:	Námsleiðir
Sund	Skipulagðir og frjálsir leikir Ýmsar æfingar frá kennara	- Geti nemandi synt 100m – frjáls aðferð - án hvíldar - Geti nemandi synt 25m skólabaksund - Geti nemandi synt 25m skriðsund með sundfit - Geti nemandi synt í fötum og geta bjargað sér á sundi - Geti nemandi synt 16m baksund - Geti nemandi stungið sér af bakka - Geti nemandi kafað eftir hlut á 1-2m dýpi eftir 5m sund - Geti nemandi gert 10m flugsundsfótatök, með/án hjálpartækja - Geti nemand troðið marvaða í 20-30 sek	Verkleg kennsla í og við íþróttahús. Sýnikennsla Samvinnunám Einstaklingsnám
Íþróttir		- Geti nemandi tekið þátt í æfingum og leikjum sem notast við eigin líkamspunga til styrktarþjálfunar - Geti nemandi tekið þátt í æfingum og leikjum sem auka og efla þol, samhæfingu og snerpu - Geti nemandi tileinkað sér rétta tækni við vöðvateygjur og liðkandi æfingar - Geti nemandi tekið staðlað þolpróf, Multistage fitness test. Markmið að ná a.m.k þrepi 4	
Námsmat			
Verkleg próf Símat Mæting og virkni Hegðun og framkoma			

Zumba

Dansinn er mikilvæg leið til þess að hlúa að og örva hreyfi- , rýmisgreind og félagsþroska og veita þannig einstaklingnum aukið tækifæri til að þroska sig og mennta og auka líkamsvitund. Mikinn hluta þekkingar sem börn tileinka sér í lífinu er í gegnum líkamlega hreyfingu og danskennsla helst í hendur við íþróttakennslu, en bætir við þekkingu á sköpun og líkamlegri tjáningu

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 5. bekkjar:	Námsleiðir
Líkamleg tjáning Samhæfing í hreyfingu	Nemendur læra að dansa við alls konar dansstíla eins og pop, salsa, merengue, reggaeton, cumbia ofl.	- Geti nemandi hreyft sig frjálst og í takt við tónlist í samræmi við hreyfigetu - Geti nemandi tengt saman hreyfingu og tónlist í dansi - Geti nemandi dansað einföld hreyfimyndur og notað þau í zumbadansi	Sjálfstæð vinna Samvinna
Námsmat			
Leiðsagnarmat Verklegr verkefni Virgni og vinnusemi			

Tónmennt			
Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 5. bekkjar:	Námsleiðir
Söngur	Námsefni frá kennara	- Þekki reglur í tónmenntastofu	Nám í gegnum leiki
Taktur	Lagalist á Spotify	- Geti sýnt muninn á sterku og veiku	Nám í gegnum söng
Styrkleikamerki	Kennsluöpp	- Þekki muninn á sterku og veiku í hlustun	Sýnikennsla
Hljóðfæri	Slagverkshljóðfæri	- Þekki muninn á djúpum og háum tónum	Umræður
Hlustun		- Þekki muninn á djúpum og háum tónum í hlustun	
Samhæfing hugar og handar		- Geti hermt eftir einföldum takti í klappi eða með slagverkshljóðfæri	
		- Geti unnið í hóp að sameiginlegu verkefni (tónverki)	
		- Sýni viðfangsefni áhuga	
		- Taki virkan þátt	
		- Auki samhæfingu hugar og handar	
		- Þekki helstu tegundir hljóðfæra í símfóníuhljómsveit	
		- Auki skilning á sögu tónlistar dagsins í dag	
Námsmat		- Þekki Söngvakeppni Evrópu	
Leiðsagnarmat		- Geti greint rythma hraða út frá endurteknum áherslum í tónlist	
Verklegr verkefni		- Geti búið til laglínu með breytilegum rythma á fleiri en eitt hljóðfæri eða tónlistarforriti	
Virkni og vinnusemi		-	